



Fundargerð aðalfundar Landsbankans hf. 2015

Aðalfundur Landsbankans hf. vegna ársins 2014 var haldinn miðvikudaginn 18. mars 2015 kl. 17:00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2 í Reykjavík.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári.
4. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Tillögur til breytinga á samþykktum.
6. Kosning bankaráðs.
7. Kosning endurskoðanda.
8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
9. Heimild til kaupa á eigin hlutum.
10. Önnur mál.

Fundurinn hófst með því að Tryggvi Pálsson, formaður bankaráðs, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Andri Árnason, hæstaréttarlögmaður, yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt.

Andri tók við stjórn fundarins og lagði til að Kristinn Briem yrði kjörinn fundarritari og var það samþykkt.

Andri gerði grein fyrir því að til fundarins hefði verið boðað með löglegum hætti og lýsti hann löglegan að öðru leyti. Mætt var fyrir eigendur hlutafjár að nafnvirði 23.510.298.728 kr. eða sem svarar til 99,25% heildarhlutafjár.

Því næst var gengið til boðaðrar dagskrár:

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár

Tryggvi Pálsson, formaður bankaráðs, fjallaði um í ræðu sinni um aðgerðaáætlun bankaráðs og forgangsmál þess á síðasta starfsári. Brýnasta verkefnið hafi verið að tryggja traustari fjármagnsskipan bankans með nýjum samningi við LBI, þ.e. gamla bankann. Þegar það mál væri í höfn gæti bankinn hafið undirbúning að skráningu bankans á markað. Í öðru lagi taldi bankaráð það forgangsmál að tryggja afkomuna til langs tíma litið og í tengslum við það þyrfti að skoða stefnu bankans og skipulag. Í þriðja lagi var bankaráð sammála um að styrkja bæri enn frekar áhættustjórn bankans. Tryggvi rakti í ræðu sinni nánar hvernig til hefði tekist að vinna að þessum markmiðum.

Fram kom m.a. í umfjöllun hans um stefnumótun að afkoma bankans verður lakari næstu ár en verið hefur en með lækkun eigin fjár, bættri þjónustu og aðhaldi í kostnaði eigi að vera unnt að ná arðseminni af reglubundum rekstri yfir 10% að nokkrum árum liðnum. Stefnan hefur verið mótuð en nú tekur við ennþá mikilvægara verkefni að koma henni í framkvæmd.

Í máli sínu sagði hann einnig að Landsbankinn leggur mikla áherslu á að viðskiptavinir fái góða alhliða fjármálaþjónustu og að þeir finni að bankinn er þeirra samherji í fjármálum. Viðskiptavinir eiga að upplifa beinan ávinning af því að vera í viðskiptum við bankann.

Meðal annarra viðfangsefna í nýrri stefnu bankans er endurskipulagning á húsnæði fyrir miðlægar starfseiningar hans. Gert er nú ráð fyrir að rýma um 28 þúsund fermetra og koma starfseminni sem á þeim var fyrir á um 15 þúsund fermetrum í nýju sérhönnuðu húsnæði. Reikna má með um 600 milljóna króna sparnaði á ári. Eftt verður til samkeppni um teikningar að byggingu sem fellur vel að umhverfinu. Loks þarf

Handwritten signature and initials in blue ink.

Fundargerð Landsbankinn

að sjá til þess að gamla, sögulega húsið við Austurstræti fái nýtt hlutverk sem þjóðin getur verið stolt af en annað húsnæði selt og leiguhúsnæði rýmt.

Annað hagræðingarmál er innleiðing á kjarnabankakerfi fyrir innlán og greiðslumiðlun. Nú þegar hafa Landsbankinn og einn annar banki samið við RB um notkun nýju kerfanna og þar með er framgangur verkefnisins tryggður. Með þessu var stigið fyrsta stóra skrefið til að skipta út gömlu grunnkerfum RB sem notuð hafa verið í 40 ár. Það gerir íslenska fjármálakerfið skilvirkara, ódýrara og samkeppnishæfara til lengri tíma og að því þurfi að keppa.

Á liðnu starfsári tókst ennfremur að auka áhættuvitund í bankanum, upplýsingaferlar hafi verið treystir og stefna sett um innra eftirlit.

Þá vék formaður bankaráðs að því að bankinn standi nú á margan hátt á tímamótum. Eftirhret bankahrunsins séu nú að mestu leyti að baki. Lagaleg óvissa um gengisbundin og verðtryggð kjör og sífelldur endurreikningur lána heyrir senn sögunni til. Endurskipulagningu og leiðréttingu á tugum þúsunda lána sem bankinn tók yfir við stofnun sé nú lokið. Lengt hafi verið í skuldabréfum Landsbankans við LBI og góður árangur náðst við sölu fullnustueigna og hlutabréfa. Eiginfjárstaða bankans sé orðin firnasterk og væntanlega náð hámarki og síðan nálgist sú stund að ríkið selji að hlut sínum í bankanum. Þá marki það tímamót að ný stefna sé nú kynnt á aðalfundi bankans.

Að lokum þakkaði formaður bankaráðs bankaráðsmönnum fyrir mikil og krefjandi störf og Steinþóri Pálssyni, bankastjóra, og öllum starfsmönnum Landsbankans fyrir markvissa vinnu.

2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar

Steinþór Pálsson, bankastjóri, gerði því næst grein fyrir ársreikningi Landsbankans fyrir árið 2014. Jafnframt fór hann yfir markmið og áherslur í starfsemi bankans á árinu 2014 og stefnumótun bankans til ársins 2020.

Fram kom m.a. í máli hans að Landsbankinn greiddi út arð til hluthafa í mars 2014 að fjárhæð 19.897 m.kr. Markaðshlutdeild bankans á einstaklingsmarkaði hélt áfram að vaxa og mælist 34%. Ný útlán veitt á árinu voru samtals 162 ma.kr. þar af 48 ma.kr í nýjum íbúðalánum. Vaxtamunur lækkaði verulega á milli ára, fór úr 3,1% í 2,4%. Lánshæfiseinkunn BB+ frá Standard & Poor's og síðan uppfært í jákvæðar horfur. Þá var gengið frá samkomulagi Landsbankans og LBI um breytingar á skilmálum skuldabréfa, m.a. veruleg lenging á lánstíma. Nýtt skipulag útibúa á höfuðborgarsvæðinu. Viðskiptastjórnun fyrirtækja var færð til miðlægrar fyrirtækjamiðstöðvar í Borgartúni. Áhætta bankans lækkaði á árinu þar sem verulega dró úr vanskilum og hlutabréfastöðum. Landsbankinn lauk leiðréttingu á endurútreikningi lána með gengistryggingu um áramótin. Alls voru um 35 þúsund lán fyrir um 50 milljarða króna leiðrétt á árinu 2014. Landsbankinn var vottaður sem fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum. Nýr netbanki var kynntur og valinn sem besta þjónustusvæðið í Íslensku vefverðlaununum.

Bankastjóri gerði síðan grein fyrir meginniðurstöðum ársuppgjors bankans fyrir árið 2014 og helstu lykilstærðum. Hagnaður bankans á árinu nam 29,7 milljörðum kr. samanborið við 28,8 milljarða árið áður. Fram kom að hreinar vaxtatekjur námu um 28 milljörðum kr. og lækkuðu þær um rúmlega 6,2 milljarða. Virðisbreytingar útlána á tímabilinu eru jákvæðar um rúma 20 milljarða króna. Innlán jukust um 21% milli ára og voru í árslok 551 milljarðar. Heildarútlán hækkuðu um 38 milljarða á árinu og námu 718 milljörðum í árslok. Eigið fé bankans nam um 250,8 milljörðum króna í lok árs og hækkaði um 4% frá fyrra ári þrátt fyrir 20 milljarða arðgreiðslu á árinu.

Bankastjóri skýrði jafnframt frá stefnumótun bankans fram til ársins 2020, lykilmarkmiðum og þeim verkstraumum sem unnið verður að á tímabilinu. Þeim er ætlað að tryggja að arðsemi eiginfjár eftir skatta og án stórra einskiptisliða fari úr ca. 5-6% og verði komin yfir 10% á nokkrum árum. Að lokum kynnti bankastjóri útgáfu rafrænnar ársskýrslu bankans.

Ársreikningur fyrir árið 2014 var að því búnu borinn undir fundinn og samþykktur samhljóða.

Fundargerð

Landsbankinn

3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári

Lögð var fram eftirfarandi tillaga um greiðslu arðs vegna næstliðins reikningsárs:

Bankaráð leggur til við aðalfund að greiddur verði arður til hluthafa vegna reikningsársins 2014 sem nemur 1,00 krónu á hlut, sem samsvarar um 80% af hagnaði ársins. Miða skal við hlutaskrá í lok 18. mars 2015 og að útborgunardagur verði 25. mars 2015.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt samhljóða.

4. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar

Því næst var lögð fram tillaga bankaráðs um að aðalfundur samþykki eftirfarandi starfskjarastefnu::

1. gr. Markmið

Landsbankinn hf. leggur áherslu á að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk. Markmið starfskjarastefnunnar er að gera starf hjá Landsbankanum að eftirsóknarverðum kosti fyrir hæft starfsfólk og þar með tryggja samkeppnishæfni bankans, framþróun og viðunandi arðsemi. Starfskjarastefnan skal stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma lítið og ekki hvetja til óeðlilegrar áhættusækni. Bankinn leggur áherslu á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf en þó ekki leiðandi. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum.

Í samræmi við 79. gr. a. í lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, skal starfskjarastefna bankans lögð fram til samþykktar á aðalfundi.

2. gr. Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd Landsbankans er skipuð þremur bankaráðsmönnum. Hlutverk starfskjaranefndar er að vera leiðbeinandi fyrir bankaráð og bankastjóra um starfskjör helstu stjórnenda bankans og ráðgefandi um starfskjarastefnu. Skal nefndin fylgjast með því að starfskjör helstu stjórnenda bankans séu innan ramma starfskjarastefnunnar og gefa bankaráði skýrslu þar um árlega í tengslum við aðalfund félagsins. Jafnframt skal nefndin fylgjast með þróun launasamninga, starfsmannafjölda og launaútgjalda. Bankaráð hefur sett nefndinni starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um hlutverk hennar.

3. gr. Starfskjör bankaráðsmanna

Bankaráðsmönnum skal greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Við ákvörðun um fjárhæð þóknunar skal taka mið af þeim tíma sem bankaráðsmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins. Starfskjaranefnd gerir rökstudda tillögu til bankaráðs um þóknun bankaráðsmanna fyrir komandi starfsár. Bankaráð tekur afstöðu til tillögu starfskjaranefndar og gerir endanlega tillögu um þóknunina sem lögð er fyrir aðalfund. Bankinn greiðir jafnframt ferðakostnað vegna starfa bankaráðsmanna sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins. Óheimilt er að gera starfslokasamninga við bankaráðsmenn.

4. gr. Starfskjör helstu stjórnenda

Starfskjör helstu stjórnenda skulu vera samkeppnishæf við kjör stjórnenda í stærri fyrirtækjum á fjármálamarkaði og ákveðin í samræmi við lög, en þó ekki leiðandi.

5. gr. Breytilegir kjarahættir

Landsbankinn hefur ekki tekið upp kaupaukakerfi fyrir starfsmenn sína. Ef bankaráð hyggst taka upp slíkt kerfi innan samstæðu bankans þarf áður að fá samþykki hluthafafundar.

6. gr. Upplýsingagjöf

Landsbankinn gerir grein fyrir kjörum bankaráðsmanna og helstu stjórnenda bankans í ársskýrslu sinni.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á vefsíðu bankans.

Fundargerð Landsbankinn

7. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Starfskjarastefna Landsbankans er samþykkt af bankaráði. Starfskjarastefnan skal jafnframt tekin til afgreiðslu á aðalfundi bankans og borin undir fundinn til samþykktar eða synjunar.

Heimilt er að endurskoða starfskjarastefnuna oftar en árlega og skulu breytingar þá lagðar fyrir hluthafafund til samþykktar.

Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir bankann og bankaráð. Bankaráð skal færa til bókar í fundargerðarbók frávik frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávik studd greinargóðum rökum.

Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi félagsins.

Starfskjarastefnan var samþykkt samhljóða.

5. Tillögur til breytinga á samþykktum

Fyrir fundinum lá tillaga um að 1. málslíður 1. mgr. 22. gr. samþykkt Landsbankans orðist þannig:

„Á aðalfundi skal kjósa félaginu endurskoðanda í samræmi við lög.“

Tillagan var samþykkt samhljóða.

6. Kosning bankaráðs

Fyrir aðalfundinn var lögð tillaga um að eftirtaldir einstaklingar yrðu kjörnir aðal- og varamenn í bankaráð Landsbankans hf. fram til næsta aðalfundar.

Aðalmenn:

Tryggvi Pálsson
Danielle Pamela Neben
Eva Sóley Guðbjörnsdóttir
Helga Björk Eiríksdóttir
Jóhann Hjartarson
Jón Sigurðsson
Kristján Þ. Davíðsson

Varamenn:

Árni G. Hauksson
Tinna Laufey Ásgeirsdóttir

Jafnframt var lagt til að Tryggvi Pálsson yrði kosinn formaður bankaráðs.

Báðar ofangreindar tillögur voru samþykktar samhljóða.

7. Kosning endurskoðanda

Síðan var lögð fram tillaga um að aðalfundur myndi kjósa Ríkisendurskoðun sem endurskoðanda félagsins fyrir fjárhagsárið 2015.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabili

Eftirfarandi tillaga var lögð fyrir fundinn um þóknun til bankaráðsmanna fyrir störf þeirra fram að næsta aðalfundi:

Fundargerð

Landsbankinn

„Lagt er til að þóknun til almennra bankaráðsmanna fyrir tímabilið fram til næsta aðalfundar skuli vera kr. 350.000 á mánuði, greitt í samræmi við launagreiðslur til bankamanna. Þóknun bankaráðsformanns skal vera kr. 600.000 og þóknun varaformanns kr. 425.000 á mánuði. Þóknun til hvers bankaráðsmanns sem skipaður er í undirnefnd bankaráðs, sbr. 8. gr. starfsreglna bankaráðs, skal vera kr. 100.000 á mánuði fyrir hverja nefnd sem viðkomandi bankaráðsmaður er skipaður í. Þóknun til varamanna skal vera kr. 175.000 fyrir hvern setinn fund, en þó aldrei hærri en þóknun aðalmanna innan hvers mánaðar.“

Tillagan var samþykkt samhljóða.

9. Heimild til kaupa á eigin hlutum.

Þá var lögð fram eftirfarandi tillaga um heimild bankans til kaupa á eigin hlutum:

„Lagt er til að hluthafafundur samþykki í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 heimild þess efnis að Landsbankinn hf. eignist eigin hluti allt að 10% af nafnverði hlutafjár. Lægsta og hæsta fjárhæð sem Landsbankinn hf. má reiða fram sem endurgjald fyrir hvern hlut skal samsvara hlutfalli á milli eigin fjár sem tilheyrir hluthöfum bankans og hlutafjár samkvæmt síðast birta ársuppgjöri eða árshlutauppgjöri áður en kaup á eigin hlutum fara fram. Heimild þessi gildir fram að aðalfundi Landsbankans hf. árið 2016. Ráðstöfun Landsbankans hf. á eigin hlutum sem keyptir verða á grundvelli þessarar heimildar er háð samþykki hluthafafundar.“

Tillagan var samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál

Engin önnur mál voru lögð fram á fundinum.


Fundarstjóri gerði það að tillögu sinni að honum og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð eftir fundinn. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Tryggvi Pálsson, formaður bankaráðs, tók til máls í lok fundarins og þakkaði hluthöfum og gestum fyrir mætingu á fundinn.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið um kl. 18:00.



Andri Arnason
fundarstjóri



Kristinn Briem
fundarritari